

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

FUNDARGERÐ

192. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, þriðjudaginn 28. nóvember 2017 kl. 09:00.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Nanna Jónsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ágúst Sigurðsson, Bjarni J Matthíasson, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund, stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Sameiginleg gjaldskrá fyrir Sorphirðu í Rangárþingi 2018 lögð fram og samþykkt.
2. Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 2018. Frestað til næsta fundar.
3. Yfirtaka Sorpstöðvarinnar á sorphirðu í Rangárvallasýslu – Ágúst Ingi fór yfir stöðu mála, en fyrirhugað er að Sorpstöðin annist sjálf þessa þjónustu frá 1. desember n.k. Ákveðið var að útbúa nýtt sorphirðudagatal. Ákveðið hafa kynningarátak á starfsemi Sorpstöðvarinnar á nýju ári. Nönnu Jónsdóttur falið að vera í forsvari fyrir það verkefni.
4. Fjárhagsáætlun 2018. Gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð kr. 151,2 milljónir og tekjuafgangi að fjárhæð kr. 15 milljónir. Hækkun á handbæru fé er á ætluð kr. 19 milljónir. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða.
5. Bókhald og fjárreiður 2018. Samþykkt að ráða KPMG til að annast það verkefni á árinu 2018.
6. Minnisblað Mannvits dags. 16.10.17, eftirlit. Lagt fram til kynningar.
7. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 19.10.17. Magn úrgangs 2018 – sundurliðun gagna niður á atvinnugreinaflokkum og sveitarfélög. Lagt fram til kynningar.
8. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 19.10.17. Útstreymisbókhald móttakið. Lagt fram til kynningar.

AI OS SO

9. Önnur mál.

Ágústi Sigurðssyni falið að vera fulltrúi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á félagsfundi Sorpstöðvar Suðurlands þann 15. desember n.k.

Samþykkt var að Sorpstöð Rangárvallasýslu greiði Rangárþingi eystra þóknun vegna starfa Ágústar Inga Ólafssonar fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu, sem nemur kr 1,5 milljón fyrir árið 2017.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 10,15.

A. Tomi Ólafsson
Sigfus Ólafsson
Egill Sigurðsson
Ólafur Ólafsson
Ágúst Þorjónsson